

29

4. febr.

## L Ö G

um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að ákveða, að innheimta skuli með allt að 400% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við núgildandi fasteignamat og aukamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

## 2. gr.

Ákveða má, að hækkun þessi komi til framkvæmda við innheimtu fasteignagjalda árið 1952.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1952.*

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

30

4. febr.

## L Ö G

um hámark húsaleigu o. fl.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Hámark þeirrar húsaleigu, sem ákveða má fyrir íbúðarhúsnæði, skal vera sem hér segir:

1. Í húsum, teknum til afnota fyrir 1. jan. 1942, kr. 7.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
2. Í húsum, teknum til afnota á tímabilinu 1. janúar 1942 til 1. janúar 1946, kr. 9.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.
3. Í húsum, teknum til afnota eftir 1. jan. 1946, kr. 11.00 á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar íbúðarhúsnæðis, miðað við utanmál.

Verðlagsuppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu greiðist ekki á leigupphæð samkvæmt þessari grein.